

Mál nr. 231/2006
M
og
Vátryggingafélag 1 v. A og
Vátryggingafélag 2 v B

Árekstur bifreiða á hringtorgi við Breiðumörk í Hveragerði/Suðurlandsveg þ. 21.9.2006.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 13.11.2006 ásamt greinargerð.
2. Niðurstaða tjónanefndar nr. 800/06
3. Lögregluskýrsla dags. 21.9.2006 og ljósmyndir.
4. Bréf hlutaðeigandi vátryggingafélaga dags. 20.11. og 4.12.2006.

Málsatvik.

Ökumaður A segist hafa ekið vestur Breiðumörk og stöðvað við biðskyldu við hringtorgið og litið eftir umferð og ekki séð til ferða B og ekið inn á hringtorgið með fyrirhugaða akstursstefnu vestur Suðurlandsveg og verið á móts við annan ljósastaur frá Breiðumörk þegar B var ekið fram úr A og lenti í vinstri hlið A. Ökumaður B segist hafa ekið vestur Suðurlandsveg og stöðvað við hringtorgið við Breiðumörk og litið eftir umferð og ekið síðan af stað með fyrirhugaða akstursstefnu vestur Suðurlandsveg og í þann mund sem hann var á móts við Breiðumörk hafi ökumaður A ekið viðstöðulaust vestur Breiðumörk og lent framarlega á hægri hurð B. Ekki er vitað um vitni að árekstrinum.

Álit.

Ökumenn greinir algerlega á um tildrög árekstursins og eru engar forsendur til þess miðað við fyrirbyggjandi gögn að leggja sök á annan ökumann umfram hinn. Sök er því skipt til helminga.

Niðurstaða.

A ber helming sakar og B ber helming sakar.

Reykjavík. 15.12.2006

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.